




Myndir eftir gest sýningarinnar, Jón Kaldal

„Ljósmynd er það eðlislægt að gerast í umhverfi hvers og eins“

● Ljósmyndasýningin LJÓS stendur um þessar mundir yfir á Kjarvalsstöðum og lýkur n.k. þriðjudag. Á sýningunni eru myndir eftir þá Gunnar S. Guðmundsson, Kjartan B. Kristjánsson og Pjetur P. Maack ásamt myndum eftir gest sýningarinnar, Jón Kaldal. Í sýningarskrá segir meðal annars um verk Jóns Kaldals, að við kynni af myndum Jóns verði maður þess fullviss, að hann er mikill mannþekkjari. Hann virðist ekki hafa þurft nema stuttan tíma atvinnuljósmyndarans í erli starfsins til að komast inn að persónunni, litast um og skrifa kynni sín með hjálp ljóssins í siltur ljósnæmu þynnunnar okkur hinum til skoðunar. Eftir stendur myndin, persónan ljóslifandi og sönn, persónuleikinn allsnakinn.


Þá segja hinir höfundar sýningarinnar m.a. um sínar myndir. Gunnar: „Myndir mínar nú eru af sama toga spunnar og áður, nema hvað manneskjan hefur látið undan síga. Form jarðar smá og stór eru allsráðandi og mætti flokka myndefnið í landslagsform, smámótíf og smá glímu við strá.“ — Kjartan: „Ljósmyndinni er það eðlislægt að gerast í umhverfi hvers og eins. Hún er sannleikurinn um ástand þess sem gerist í raun og veru. Hlutverk ljósmyndarans er að ferðast um með rammann og grípa ljósmyndina þegar og þar sem hún gerist.“ — Pjetur: „Bundið verkefni mitt í þetta sinn er vatnið. Af hverju veit ég ekki, en þegar maður fer að hugsa út í það, þá er vatnið ákaflega fjölbætt myndefni, drullupollurinn getur verið fallegur eftir því hvernig maður lítur á hann og fallega tær fjallalækur getur snögglega breytt í andstæðu sína. Nú fyrir utan þá staðreynd hve vatn er snar og um leið nauðsynlegur þáttur í lífi hvers okkar.“



1



2



3



4

1 „Vatn“ Pjeturs P. Maack

2 Höfundur Gunnar S. Guðmundsson

3 Höfundur Gunnar S. Guðmundsson

4 „Sól og auðn“ Kjartans B. Kristjánssonar